

alvöru að verða skarpt um nýmjólkina. Karl sagði, að hún „blessuð skepnan hetði tekið sér fráfalið nöfnu sinnar svo nærri, að hún væri að verða alveg þur.“ Aðrir sögðu, að hann drykki alla mjólkina. Nokkuð var það, að verkstjórinn seldi stóru Skjöldu fljótlega, og sagði að það væri orðið meira en dagsverk fyrir gamla Stebba að mjólka beljuna. En daginn eftir að hann seldi Skjöldu, gekk karlsauðurinn úr vinnunni og fór inn til bæjarins og byrjaði mjólkursölu, og farnaðist á ýmsa vegu þar við. Fyrir sérstök atvik varð eg viðskila við íslenska verkstjóran, sem mér þótti sárt fyrir í bráðina. Og vann eg því á meðal allra þjóða manna um mörg ár á járnbrautum.

Það var einn góðan veðurdag í júlímánuði, að eg fékk hraðskeyti frá Winnipeg, að koma þangað tafarlaust. Eg var þá að vinna vestur í Klettafjöllum. Eg fór tafarlaust austur aftur með næstu lest. Eg bjóst strax við, hvað um væri að vera—systir mín væri dái. Hún komst til nokkurrar heilsu aftur og komst frá Selkirk til Winnipeg. Þaðan skrifaði hún mér, og eg henni, fáein bréf. Þegar eg kom til borgarinnar, reyndist það svo, að eg hafði getið rétt til um kallið þangað. Það var allt saman eðlilegt og gekk sinn vanaveg, milli lífs og dauða.—

Þessa viku, sem eg kom til Winnipeg, stóð hin svo nefnda fylkissýning yfir. Eg hugsaði mér að forframa mig einu sinni á ævinni almennilega, og sjá þá hvorki í tímatap né fáeina áura. Eg fór „á sýninguna“, eins og Íslendingar segja frá því. — Oft hafði mér ógnað að sjá og heyra til manna á réttum á Íslandi; ennþá meira ógnaði mér þó að sjá og heyra til manna á þessari sýningu. Eg hefi oft séð drykkjuskap og slark, áflog og ryskingar, en aldrei nokkuð í hálfkvisti við þá sýningu. Aldrei hefi eg séð jafn bandvitlaust fólk sem þar. Margir eru miklu nær því að sýna sig sem óarga dýr en siðaða menn. Vinsala er þar stranglega bönnuð, en hvergi er meira vín og öl selt en í sýningargarðinum. Þar úir og grúir af lögregluþjónum í einkennisbúningum, en það virðist, eftir því er blöðin segja frá, að þar sé stolið frá öðrum hvorum og þriðja hverjum manni. Vasapjófar eru þar á öðru hvoru strái, en blöðin segja, að þeir komi allir frá Bandaríkjunum. Það eru ekki þjófar til í Canada,—það er öðru nær en svoléiðis illþýði þrífist þar, í því góða siðferðis ríki,